

Árið 2008, fimmtudaginn 6. nóvember, var á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E - 3160/2008

Kjartan Björnsson

(Óskar Sigurðsson hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

Mál þetta, sem dómtekið var 27. október 2008, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Kjartani Björnssyni, kt. 000000-0000, Austurvegi 21b, Selfossi, gegn íslenska ríkinu með stefnu sem birt var 29. apríl 2008.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndi greiði stefnanda skaða- og miskabætur að fjárhæð 767.230 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 22. janúar 2007 til 22. febrúar 2008 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001. Þá er þess krafist að stefndi greiði stefnanda málskostnað samkvæmt framlögðu málskostnaðaryfirliti eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst *ad allega* sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. *Til vara* krefst stefndi lækkunar á dómkröfum stefnanda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Málavöxtum lýsir stefnandi í stefnu á þann veg að hann hafi þurft að sæta sviptingu ökuréttinda í um átta mánuði á grundvelli sakfellingar í héraði, en hann hafi síðan verið sýknaður af ákærum um meintan ölvunarakstur í Hæstarétti.

Með dómi Hæstaréttar Íslands 22. nóvember 2007 í máli nr. 253/2007 hafi stefnandi verið sýknaður af ákæru um meintan ölvunarakstur. Hann hafi hins vegar verið sviptur ökuréttindum í kjölfar dóms Héraðsdóms Reykjavíkur, hinn 22. janúar 2007, í málinu nr. S-2087/2006. Stefnandi hafi óskað eftir að málinu yrði áfrýjað og leitað eftir áfrýjunarleyfi hjá Hæstarétti sem veitt hefði verið hinn 27. apríl 2007.

Þá segir að áður en stefnandi afhenti lögreglu ökuskírteini sitt hafi samband verið haft við ríkissaksóknara og staða málsins rædd og hafi stefnandi óskað eftir að hann yrði ekki sviptur ökuréttindum fyrr en að genginni niðurstöðu Hæstaréttar. Hafi því verið hafnað af hálfu ríkissaksóknara með vísan til 104. umferðalaga nr. 50/1987.

Af hálfu stefnda eru ekki gerðar athugasemdir við málavaxtalýsingu stefnanda í stefnu.

Stefnandi byggir á því að hann hafi saklaus verið sviptur ökuréttindum í átta mánuði og einn dag. Af þeim sökum beri að bæta honum miska og fjártjón samkvæmt 177. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. einnig fyrirmæli 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, svo og til hliðsjónar ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar sem og þau sjónarmið er búi að baki 5. mgr. 67. gr.

Þá er byggt á því að lagaskilyrði séu ekki til að hafna bótaskyldu með vísan til 2. ml. 104. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Bent er á að þegar héraðsdómur var kveðinn upp, hinn 22. janúar 2007, hafi ekki legið fyrir hvort leyfi fengist til að áfrýja dóminum til Hæstaréttar, sbr. 2. og 3. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991. Umsókn um leyfi til að áfrýja dómi héraðsdóms hafi ekki verið samþykkt fyrr en hinn 27. apríl 2007. Við meðferð málsins fyrir héraði hafi því ekki verið tækt að setja fram kröfu um frestun framkvæmdar á sviptingu við áfrýjun málsins, þar sem ekki hefi legið fyrir á þeim tíma hvort slíkt leyfi fengist. Þá hafi verið ljóst að héraðsdómari hefði ekki fallist á slíka kröfu við þessar aðstæður sem og í ljósi forsendna héraðsdóms og orðalags 2. ml. 104 gr. umferðarlaga „þegar sérstaklega stendur á“. Af því leiði að ríkissjóði beri að greiða bætur í þessu tilviki, eins og leiði af skýrum fyrirmælum greindra ákvæða laga um meðferð opinberra mála, sem og stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu.

Þá segir að málið hafi valdið stefnanda töluverðu fjárhagstjóni og miska. Hann starfi og reki rakarastofu á Selfossi með föður sínum auk þess sem hann sé mjög virkur í félags- og íþróttamálum á svæðinu. Þá starfi hann sem knattspyrnudómari á vegum KSÍ. Sem hluta af starfa sínum á rakarastofunni hafi hann stundað störf utan bæjarfélags síns, en einu sinni í mánuði sæki hann vinnu á Litla-Hrauni og Sólheimum, þar sem vistmenn eru klipptir. Til þess að komast til þessara starfa sinna á þessu tímabili þurfi hann m.a. að taka leigubifreið, láta aðra sækja sig sem og koma sér á áfangastað, með tilheyrandi bið eftir að vera sóttur og vinnutapi á vinnustað sínum meðan á þeirri bið stóð.

Byggt er á því að svipting ökuréttinda hafi valdið honum aukakostnaði sem knattspyrnudómara. Þá hafi hann þurft saklaus að sitja undir áburði um brot á

umferðarlögum og ásökunum um ölvunarakstur allan þennan tíma og hafi það valdið honum og fjölskyldu hans verulegum erfiðleikum og þjáningum. Hann sé þekktur í sínu samfélagi og hafi þurft að þola umræðu, blaðaskrif í fjölmiðlum og umfjöllun í fréttum á landsvísu. Ennfremur hafi þetta skert möguleika hans til ferðalaga í sumar [skráð 28. apríl 2008] með börnum sínum en hann sé einstæður faðir og mjög háður bíl, þar sem sonur hans býi hjá honum auk þess sem dóttir hans dvelji hjá honum á sumrin í tvo mánuði.

Stefndi byggir á því að bótareglur 177. gr. laga nr. 19/1999 um meðferð opinberra mála eigi ekki við í þessu máli. Stefnandi hafi ekki verið dæmdur saklaus og hvorki hafi hann hlotið refsídóm né mátt þola refsingu. Aðrar bótareglur, svo sem almenna skaðabótareglan, eigi heldur ekki við enda virtist hvorki vera byggt á henni né öðrum hugsanlegum bótareglum.

Stefndi áréttar að stefnandi hafi vissulega verið dæmdur til sektargreiðslu í héraði og verið sviptur ökurétti í 12 mánuði að gengnum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Málinu hafi verið áfrýjað og Hæstiréttur sýknað stefnanda. Stefnandi hafi þar af leiðandi aldrei þurft að þola refsingu eins og héraðsdómurinn kvað á um. Í þessu falli eigi ákvæði 177. gr. laga nr. 19/1999 ekki við. Svipting ökuréttar sé ekki refsing í skilningi refsilaga. Svipting ökuréttar teljist viðurlög, en refsing væri annað hvort fangelsi eða fésektir, sbr. V. kafla hegningarlaga nr. 19/1940. Ökuréttindasvipting falli því ekki undir gildissvið 177. gr. laga nr. 19/1991.

Áréttað er að stefndi hafi með dómi í héraði, hinn 22. janúar 2007, verið sviptur ökuréttindum. Í því sambandi er bent á 104. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem segir, að áfrýjun dóms, þar sem kveðið er á um sviptingu ökuréttar, fresti ekki verkun hans að því leyti. Þó geti dómari ákveðið með úrskurði, að áfrýjun fresti framkvæmd sviptingar, ef sérstaklega standi á. Stefnandi hafi ekki látið reyna á þetta. Stefnandi hafi hins vegar óskað eftir því við ríkissaksóknara að hann fengi að halda ökurétti sínum að gengnum dómi fram að dómi Hæstaréttar. Ríkissaksóknari hafi hafnað þessu og vísað til 104. gr. umferðarlaga, enda hafi það ekki verið á hans valdi. Einungis dómari geti ákveðið með úrskurði að áfrýjun fresti framkvæmd, ef sérstaklega stendur á.

*Ályktunarorð:* Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, hinn 22. janúar 2007, var stefnandi dæmdur til að greiða 100.000 króna sekt í ríkissjóð fyrir brot gegn 1., sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997. Þá var stefnandi með vísun til 101. og 102. gr. umferðarlaga, með áorðnum breytingum, sviptur ökurétti í 12 mánuði frá birtingu dómsins að telja. Með dómi Hæstaréttar Íslands, hinn 22. nóvember 2007, var stefnandi sýknaður, þar sem ekki var talið nægilega sannað að stefnandi hefði gerst sekur um þá háttsemi sem greindi í ákæru.

Stefnandi byggir á því að hafa saklaus verið sviptur ökuréttindum í átta mánuði og einn dag. Beri íslenska ríkinu því að bæta honum miska og fjártjón samkvæmt 177. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. einnig fyrimæli 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, svo og til hliðsjónar ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar sem og þau

sjónarmið er búi að baki 5. mgr. 67. gr.

Í 177. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 43. gr. laga nr. 36/1998 segir: „Nú verður ljóst að maður hafi saklaus hlotið refsidóm, þolað refsingu eða upptöku eigna og ber þá að dæma honum bætur fyrir miska og fjártjón, þar á meðal fyrir stöðu- og atvinnumissi, ... en lækka má þó bætur eftir sök hans á því að hann hafi verið ranglega dæmdur.“ Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 3. gr. laga nr. 82/1998, segir að hegningar samkvæmt lögum þessum séu fangelsi og fésektir. Fallist verður því á með stefnda að umrætt lagaákvæði um meðferð opinberra mála eigi ekki við í þessu tilviki, enda fellur svipting ökuréttinda ekki undir gildissvið 177. gr. laga nr. 19/1991. Þá verður ekki talið að ákvæði sem stefnandi vísar til í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu veiti ríkari bótarétt en ákvæði 177. gr. laga nr. 19/1991, sbr. dóma Hæstaréttar nr. 78/2008 og nr. 269/2000.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt er að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði þar með talin þóknun lögmanns hans, Óskars Sigurðssonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin 300.000 krónur án virðisaukaskatts.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

## **DÓMSORÐ:**

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Kjartans Björnssonar.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Óskars Sigurðssonar hrl., 300.000 krónur.

Páll Þorsteinsson